

*Alþingi**Erindi nr. P 139/1894**komudagur 1.4.2011*Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍKReykjavík, 1. apríl 2011  
Tilvísun: 2011030013/50.11  
Project Number: 1227000**Efni: Umsögn Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 15/1923**

Orkustofnun vísar til tölvupósts nefndarsviðs Alþingis, dags. 23. mars sl., þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar við frumvarp til laga um breytingu á vatnalögum, nr. 15/1923, með síðari breytingum, þskj. 949, 561. mál sem lagt var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010-2011.

Orkustofnun vill vekja athygli á því að í skipunarbréfi frumvarpshöfunda virðist hafa verið gengið út frá því að nefndin ráðfærði sig við þann hóp, skipaðan af iðnaðarráðherra í samráði við umhverfisráðherra, er skilaði af sér drögum að frumvarpi til vatnalaga árið 2009. Hægt er að fullyrða að ekki var haft samband við alla meðlimi þessa hóps í þeim tilgangi.

Orkustofnun hefur kynnt sér efni frumvarps til laga um breytingu á gildandi vatnalögum og hefur eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið að færa.

Í 1. gr. frumvarpsins sem fjallar um gildissvið laganna kemur fram að lögunum sé ætlað að eiga aðeins við um það vatn, rennandi eða kyrrstætt sem er á yfirborði jarðar, að því leyti sem önnur lög taka ekki til. Orkustofnun vekur athygli á að aðeins er átt við yfirborðsvatn en ekki t.d. sigvatn, sem er það vatn sem færast niður af yfirborði í átt að grunnvatni. Á þennan hátt fellur umrætt sigvatn í lagalegt tómarúm, auk þeirra mögulegu almennu atriða er eiga við grunnvatn og ekki kann að vera fjallað um í auðlindalögum, enda snúa þau fyrst og fremst að nýtingu þess. Orkustofnun leggur til að gildissvið frumvarpsins verði vikkað þannig að nái til alls vatns sem ekki sé fjallað um í sérlögum. Orkustofnun telur eðlilegt að umrædd lög nái þannig til sömu andlaga og lög um stjórn vatnamála, þskj. 344, 298. mál, sem lagt var fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi.

Orkustofnun vill vekja athygli á því ósamræmi sem skapast, verði frumvarpið samþykkt óbreytt, á milli þeirra laga er fjalla um auðlindir ef nýting vatns, á grundvelli vatnalaga, er ekki leyfisskyld líkt og skylt er vegna nýtingar á auðlindum úr jörðu skv. 6. gr. laga, nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu. Þá vill Orkustofnun einnig vekja máls á þeim möguleika að færa slíka leyfisskyldu inn í áður nefnd auðlindalög með vísan til jafnræðissjónarmiða sem og til samræmingar og einföldunar.

Orkustofnun bendir á að upp geti komið margvísleg atvik sem talist gætu á „gráu svæði“ í skilningi frumvarpsins en skilin á milli 7. gr., sem fjallar um leyfisskyld tilvik, svo og 86. gr. frumvarpsins, sem fjallar um þau tilvik sem nægjanlegt er að tilkynna til Orkustofnunar um framkvæmdir. Að áliti stofnunarinnar gæti þessi óvissa leitt til geðþóttaákvæðana og

réttaróvissu borgaranna og þurfi því að taka af skarið um í hvaða tilfellum nægjanlegt sé að tilkynna til stofnunarinnar um slíkar fyrirætlanir. Orkustofnun telur að betur færi á ef skýrari mörk væru dregin að þessu leyti um hvað sé leyfisskylt og hvað sé aðeins tilkynningarskylt.

Orkustofnun telur að í ákvæði 78. gr. frumvarpsins sé að finna villu þess efnis að þar sem stendur: „*Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögum þessum.*“ eigi að standa „*Umhverfissráðherra fer með yfirstjórn umhverfis- og vatnsverndar samkvæmt lögum um stjórn vatnamála.*“

Að lokum telur Orkustofnun það fallið til harðari átaka og deilna en ella, ef matsmannakerfi vatnalaga frá 1923 verði fellt niður, og tekur ekki undir röksemdafærslu þess efnis að það sé úrelt eða óþarft. Vatn og rétturinn til vatns hafa að ýmsu leyti mjög sérstakt eðli og ætti ekki á neinn hátt að spilla möguleikum til þess að leita sátta um nýtingu þess, eins og verða kynni með niðurfellingu matsmannakerfisins.

Virðingarfyllt,  
f. h. orkumálastjóra

  
Harpa Þórunn Pétursdóttir